

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2000/39/EB

2001/EES/57/30

frá 8. júní 2000

um gerð fyrstu skrár um leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi við framkvæmd tilskipunar ráðsins 98/24/EB um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 98/24/EB frá 7. apríl 1998 um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafræðilegra áhrifavalda á vinnustað⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af álitum ráðgjafarnefndarinnar um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt tilskipun 98/24/EB skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögu um evrópsk markmið, sem sett yrðu á vettvangi bandalagsins, í formi leiðbeinandi viðmiðunarmarkna fyrir váhrif í starfi til að vernda starfsmenn gegn áhættu vegna efna.
 - 2) Við þetta verkefni skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar vísindanefndarinnar um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum efnafræðilegra áhrifavalda sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/320/EB⁽²⁾.
 - 3) Aðildarríkin skulu setja innlend viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi að því er varðar sérhvern þann efnafræðilega áhrifavald, sem leiðbeinandi viðmiðunarmörk um váhrif í starfi hafa verið sett fyrir innan bandalagsins, með hliðsjón af viðmiðunarmörkum bandalagsins og ákvarða eðli hans í samræmi við innlenda löggjöf og venju.
 - 4) Rétt er að líta á leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi sem mikilvægan þátt í heildarstefnu sem miðar að því að vernda heilbrigði starfsmanna á vinnustöðum gegn áhættu af völdum hættulegra efna.
 - 5) Fyrsta og önnur skrá yfir leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi voru teknar saman í tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/322/EBE⁽³⁾ og 96/94/EB⁽⁴⁾ innan ramma tilskipunar ráðsins 80/1107/EBE frá 27. nóvember 1980 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna efna, eðlis- og líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum⁽⁵⁾.
- 6) Tilskipun 80/1107/EBE var felld úr gildi frá og með 5. maí 2001 með tilskipun 98/24/EB.
 - 7) Rétt er að lögleiða aftur, innan ramma tilskipunar 98/24/EB, þau leiðbeinandi viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi, sem höfðu verið sett með tilskipunum 91/322/EBE og 96/94/EB, innan ramma tilskipunar 80/1107/EBE.
 - 8) Í skránni í viðaukanum er að finna efni, sem tilgreind eru í viðauka við tilskipun 96/94/EB, auk þess sem felldur hefur verið inn í hana fjöldi annarra áhrifavalda, en vísindanefndin um viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi af völdum efnafræðilegra áhrifavalda hefur mælt með leiðbeinandi viðmiðunarmörkum fyrir váhrif í starfi að því er þá varðar, að undangengnu mati á nýjustu vísindalegu gögnum sem tiltæk eru um áhrif á heilsu í starfi og með tilliti til þeirrar mælitækni sem er fyrir hendi. Með tilliti til þessa og til glöggvunar ber að endursemjja tilskipun 96/94/EB.
 - 9) Nauðsynlegt er að setja viðmiðunarmörk fyrir skammvinn váhrif af völdum tiltekinnna efna þar sem tekið er tillit til skammvinnra váhrifa.
 - 10) Nauðsynlegt er að taka tillit til hugsanlegrar gegnumþrengingar sumra áhrifavalda um húð til að tryggja eins mikla vernd og hugsanlegt er.
 - 11) Tilskipun þessi er raunhæft skref í þá átt að gera félagsmálaþátt innri markaðarins að veruleika.
 - 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 17. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum⁽⁶⁾.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Hér með eru sett leiðbeinandi viðmiðunarmörk bandalagsins fyrir váhrif í starfi að því er varðar þá efnafræðilegu áhrifavalda sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 142, 16.6.2000, bls. 47, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2001 frá 23. febrúar 2001 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 22, 26.4.2001, bls. 16.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 188, 9.8.1995, bls. 14.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 177, 5.7.1991, bls. 22.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 338, 28.12.1996, bls. 86.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 327, 3.12.1980, bls. 8.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

2. gr.

Aðildarríkin skulu setja innlend viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi að því er varðar efnafræðilegu áhrifavaldana sem taldir eru upp í viðaukanum, að teknu tilliti til viðmiðunarmarka bandalagsins.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. desember 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun 96/94/EB falli úr gildi frá og með þeim degi sem um getur í 1. mgr. 3. gr.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. júní 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Anna DIAMANTOPOULOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

LEIÐBEINANDI VIÐMIÐUNARMÖRK FYRIR VÁHRIF Í STARFI

EINECS-númer ⁽¹⁾	CAS-númer ⁽²⁾	Heiti áhrifavalds	Viðmiðunarmörk				Táknun ⁽³⁾
			Átta klst. ⁽⁴⁾		Skammur tími ⁽⁵⁾		
			mg/m ³ ⁽⁶⁾	ppm ⁽⁷⁾	mg/m ³ ⁽⁶⁾	ppm ⁽⁷⁾	
200-467-2	60-29-7	Dietyléter	308	100	616	200	—
200-662-2	67-64-1	Aseton	1 210	500	—	—	—
200-663-8	67-66-3	Klóróform	10	2	—	—	Húð
200-756-3	71-55-6	1,1,1-Tríklóretan	555	100	1 110	200	—
200-834-7	75-04-7	Etýlamín	9,4	5	—	—	—
200-863-5	75-34-3	1,1-Díklóretan	412	100	—	—	Húð
200-870-3	75-44-5	Fosgen	0,08	0,02	0,4	0,1	—
200-871-9	75-45-6	Klóróflúrmetan	3 600	1 000	—	—	—
201-159-0	78-93-3	Bútanon	600	200	900	300	—
201-176-3	79-09-4	Própiónsýra	31	10	62	20	—
202-422-2	95-47-6	o-Xýlen	221	50	442	100	Húð
202-425-9	95-50-1	1,2-Díklórbensen	122	20	306	50	Húð
202-436-9	95-63-6	1,2,4-Trímetýlbensen	100	20	—	—	—
202-704-5	98-82-8	Kúmen	100	20	250	50	Húð
202-705-0	98-83-9	2-Fenýlprópen	246	50	492	100	—
202-849-4	100-41-4	Etýlbensen	442	100	884	200	Húð
203-313-2	105-60-2	e-Kaprólaktam, (ryk og gufa)	10	—	40	—	—
203-388-1	106-35-4	Heptan-3-on	95	20	—	—	—
203-396-5	106-42-3	p-Xýlen	221	50	442	100	Húð
203-400-5	106-46-7	1,4-Díklórbensen	122	20	306	50	—
203-470-7	107-18-6	Allýlalkóhól	4,8	2	12,1	5	Húð
203-473-3	107-21-1	Etýlenglýkól	52	20	104	40	Húð
203-539-1	107-98-2	1-Metoxýprópanól-2	375	100	568	150	Húð
203-550-1	108-10-1	4-Metýlpentan-2-on	83	20	208	50	—
203-576-3	108-38-3	m-Xýlen	221	50	442	100	Húð
203-603-9	108-65-6	2-Metoxý-1-metýletýlasetat	275	50	550	100	Húð
203-604-4	108-67-8	Mesitylen (Trímetýlbensen)	100	20	—	—	—
203-628-5	108-90-7	Klórbensen	47	10	94	20	—
203-631-1	108-94-1	Sýklóhexanon	40,8	10	81,6	20	Húð
203-632-7	108-95-2	Fenól	7,8	2	—	—	Húð
203-726-8	109-99-9	Tetrahydrófurán	150	50	300	100	Húð
203-737-8	110-12-3	5-Metýlhexan-2-on	95	20	—	—	—
203-767-1	110-43-0	Heptan-2-on	238	50	475	100	Húð
203-808-3	110-85-0	Píperasín	0,1	—	0,3	—	—
203-905-0	111-76-2	2-Bútoxýetanól	98	20	246	50	Húð
203-933-3	112-07-2	2-Bútoxýetýlasetat	133	20	333	50	Húð

EINECS-númer ⁽¹⁾	CAS-númer ⁽²⁾	Heiti áhrifavalds	Viðmiðunarmörk				Táknun ⁽³⁾
			Átta klst. ⁽⁴⁾		Skammur tími ⁽⁵⁾		
			mg/m ³ ⁽⁶⁾	ppm ⁽⁷⁾	mg/m ³ ⁽⁶⁾	ppm ⁽⁷⁾	
204-065-8	115-10-6	Dímetýleter	1 920	1 000	—	—	—
204-428-0	120-82-1	1,2,4-Tríklórbensen	15,1	2	37,8	5	Húð
204-469-4	121-44-8	Tríetýlamín	8,4	2	12,6	3	Húð
204-662-3	123-92-2	Ísópentýlasetat	270	50	540	100	—
204-697-4	124-40-3	Dímetýlamín	3,8	2	9,4	5	—
204-826-4	127-19-5	N,N-Dímetýlasetamíð	36	10	72	20	Húð
205-480-7	141-32-2	n-Bútýlakrýlat	11	2	53	10	—
205-563-8	142-82-5	n-Heptan	2 085	500	—	—	—
208-394-8	526-73-8	1,2,3-Trímetýlbensen	100	20	—	—	—
208-793-7	541-85-5	5-Metýlheptan-3-on	53	10	107	20	—
210-946-8	626-38-0	1-Metýlbútýlasetat	270	50	540	100	—
211-047-3	628-63-7	Pentýlasetat	270	50	540	100	—
	620-11-1	3-Pentýlasetat	270	50	540	100	—
	625-16-1	Amýlasetat, tert	270	50	540	100	—
215-535-7	1330-20-7	Xýlen, blandaðir ísómerar, hreinir	221	50	442	100	Húð
222-995-2	3689-24-5	Súlfóteþ	0,1	—	—	—	Húð
231-634-8	7664-39-3	Vetnisflúoríð	1,5	1,8	2,5	3	—
231-131-3	7440-22-4	Silfur, málmur	0,1	—	—	—	—
231-595-7	7647-01-0	Saltsýra	8	5	15	10	—
231-633-2	7664-38-2	Ortófosfórsýra	1	—	2	—	—
231-635-3	7664-41-7	Ammoníak, vatnsfrítt	14	20	36	50	—
231-954-8	7782-41-4	Flúr	1,58	1	3,16	2	—
231-978-9	7783-07-5	Tvívetnisseleníð	0,07	0,02	0,17	0,05	—
233-113-0	10035-10-6	Vetnisbróm	—	—	6,7	2	—
247-852-1	26628-22-8	Natríum asið	0,1	—	0,3	—	Húð
252-104-2	34590-94-8	(2-Metoxýmetýletoxý)-propanól	308	50	—	—	Húð
		Flúoríð, ólífræn	2,5	—	—	—	—

⁽¹⁾ EINECS: Evrópuskrá yfir markaðssett kemísk efni

⁽²⁾ CAS-númer (Chemical Abstracts Service number)

⁽³⁾ Táknunin „húð“ við viðmiðunarmörkin gefur til kynna möguleika á umtalsverðri upptöku gegnum húð

⁽⁴⁾ Mæld eða reiknuð miðað við átta stunda meðalviðmiðunartíma.

⁽⁵⁾ Óheimilt er að fara yfir þessi viðmiðunarmörk. Gildin eru miðuð við 15 mínútna váhrif, nema annað sé tekið fram.

⁽⁶⁾ mg/m³: milligrömm á rúmmetra lofti við 20 °C og 101,3 KPa.

⁽⁷⁾ ppm: hlutar af milljón miðað við rúmmál í lofti (ml/m³).